



**Júní 2009**

**Starfshópur um samhæfingu verklags við aðstoð og þjónustu við  
grunnskólanema sem glíma við fjölbættan vanda**

**Reykjavíkurborg  
Menntasvið og Velferðarsvið**

Guðbjörg Jónsdóttir  
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir  
Hulda Dóra Styrmissdóttir  
Þorgeir Magnússon  
Þorsteinn Sæberg

## 1) Inngangur

Í byrjun apríl 2009 settu fræðslustjóri Reykjavíkur og sviðsstjóri Velferðarsviðs af stað starfshóp til að samhæfa verklag við aðstoð og þjónustu við grunnskólanema sem glíma við fjölþættan vanda. Hópin skipuðu Hulda Dóra Styrmissdóttir, skrifstofustjóri á Velferðarsviði sem jafnframt var formaður, Guðbjörg Jónsdóttir, ráðgjafi foreldra og skóla frá Menntasviði Reykjavíkur, Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Þorgeir Magnússon, deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts sem fulltrúi Þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs og Þorsteinn Sæberg, skólastjóri í Árbæjarskóla sem fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur. Auður Vilhelmsdóttir var starfsmaður hópsins. Starfstími hópsins var frá 15. apríl til 15. júní 2009 og hittist hópurinn í x skipti á því tímabili. Hlutverk hópsins var í erindisbréfi skilgreint á eftirfarandi hátt:

- Skýra ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.
- Skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

## 2) Verkefnið

Grunnskólanemar geta glímt við við fjölþættan vanda. Vandinn getur verið margvíslegur s.s. mætingavandi, hegðunarvandi, vímuefnavandi, heilbrigðisvandi og vandi í nánasta fjölskylduumhverfi. Þannig getur sama barnið verið að takast á við náms-, félags- og heilbrigðisvanda á sama tíma og í mörgum tilvikum er birtingarmynd vandans skólasóknarvandi.

Börnin fá margvíslega þjónustu sem miðar að því að bregðast við og leysa vandann. Sú þjónusta getur verið veitt í skóla, á þjónustumiðstöðvum, hjá Barnavernd, á Menntasviði Reykjavíkur og Barna- og unglingsgeðdeild, og oft koma þessir aðilar saman að þjónustu við barnið. Á öllum stigum er leitast við að vinna margþætt með vandann: með barninu, með foreldrum og með skóla. Í öllum tilvikum er unnið með velferð barnsins að leiðarljósi.

Komið hefur í ljós að að loknum ákveðnum tíma í vinnslu mála getur skapast rof í þeirri þjónustu sem veitt er. Það rof getur skapast ef vandinn verður svo alvarlegur að barni er jafnvel vísað úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið og það getur líka skapast ef vandinn er svo langvarandi að öll kerfi hafa reynt sitt ítrasta til að veita þjónustu án þess að viðunandi árangur hafi náðst.

Fulltrúar í hópnum voru því sammála um að skilgreina verkefnið þannig:

- 1) Yfirfara verkferla á Menntasviði og Velferðarsviði til að meta/endurskipuleggja þjónustunálgun við vinnslu mála m.t.t. áorðinna lagabreytinga í grunnskólalögum nr. 91/2008 og í samræmi við barnaverndarlög.
- 2) Skilgreina ábyrgðaraðila mála þegar að þeim tímapunkti kemur að hefðbundnum úrræðum og verklagi lýkur til að tryggja að rof verði ekki í þjónustu.

Fulltrúar í hópnum voru sammála um að hversu ólík sem börnin og þeirra vandi væri ættu þau það öll sammerkt að frá 6-15 ára aldri væru þau skyldug til að vera í skóla. Lögboðin grunnþjónusta við hópinn væri því í höndum skólanefnda sveitarfélaga sem hjá Reykjavíkurborg er hjá Menntasviði. Skólakerfið er þannig það þjónustukerfi sem er skyldugt til að veita þjónustu allan tímann. Skv. stefnu Reykjavíkurborgar á sú þjónusta að

byggja á einstaklingsmiðuðu námi í skóla án aðgreiningar. Ljóst er þó að ákveðin börn glíma við svo fjölpættan vanda að stundum er óforsvaranlegt að þau stundi hefðbundið nám í almennum skóla þar sem erfitt getur verið að veita menntun og þjónustu við hæfi barnsins. Í öllum tilvikum er það þó skylda Reykjavíkurborgar að sjá til þess að öll börn fái menntun og þjónustu við hæfi.

Fulltrúar í starfshópnum voru einnig sammála um að til að árangur náist fyrir nemendur sé mikilvægt að tryggja að einn aðili, teymisstjóri, beri ábyrgð á framvindu málsins til lausnar þegar ljóst verður að hefðbundnar þjónustuleiðir duga ekki til og að leita þurfi frekari leiða til lausnar vanda. Aðrir aðilar mála skulu koma að lausn skv. ákvörðun teymisstjóra, í samræmi við skyldur þeirra og hlutverk, sbr. meðfylgjandi tillögu að verkferlum.

### **3) Lagarammi:**

Mikilvægt er að hafa í huga við vinnslu mála grunnskólanema sem glíma við fjölpættan vanda að þó að lögboðin grunnþjónusta við barnið sé á ábyrgð Menntasviðs hjá Reykjavíkurborg, er þjónusta við nemendur einnig byggð á öðrum lögum en grunnskólalögum. Þessi lög móta hlutverk hvers og eins aðila sem kemur að þjónustu við barnið.

Í 17. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 er að finna ákvæði um nemendur með sérþarfir. Þar kemur fram að nemendur eigi rétt á því að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar. Í IX. kafla laganna eru ákvæði um sérfræði-þjónustu og stoðkerfi grunnskóla.

Almenn ákvæði um félagsþjónustu er að finna í lögum 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögin eru rammalög sem þýðir að sveitarfélögin geta sjálf ákveðið umfang þjónustunnar og byggist sú tilhögun á sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna. Í XIII. kafla laganna er fjallað um málefni barna og ungmenna og í IX. kafla er fjallað um þjónustu við unglinga. Jafnframt er þar að finna ákvæði varðandi vímugjafavarnir og félagslega ráðgjöf.

Barnaverndarlög nr. 80/2002 gilda einnig í þessu sambandi eftir því sem við á. Einnig lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Ákvæði stjórnáskýslulaga nr. 37/1993 gilda um þau tilvik þar sem stjórnvaldsáskvarðanir eru teknar á grundvelli framangreindra laga en lögin gilda ekki um framkvæmd þjónustunnar.

Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga þau ákvæði grunnskólalaganna er varða ábyrgð foreldra. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og í 1. mgr. 18. gr. kemur fram að foreldrar gæti hagsmuna barna sinna á skólaskyldu. Í 15. gr. er að finna ákvæði um skólaskyldu og í 19. gr. kemur fram að foreldrar beri ábyrgð á að barn innritist í skóla og sækir skólann. Menntasvið mótast viðmið og setur reglur um viðbrögð skólastjóra í slíkum tilfellum og skal skólastjóri jafnframt tilkynna Barnavernd Reykjavíkur um málið, sbr. 1. mgr. 19. gr. Í V. kafla laganna (18. og 19. gr.) er fjallað um réttindi og skyldur foreldra.

### **4) Tillaga að tilraunaverkefni til eins árs**

Starfshópurinn leggur til að sett verði á fót tilraunaverkefni til eins árs sem miðar að því að breyta og bæta verklag við úrvinnslu mála sem koma upp vegna vanda sem grunnskólanemar glíma við. Skerpt er á verklagi í upphafi vinnslu mála í skólum, en sérstaklega er lagt til að þegar úrvinnsla skv. hefðbundnu verklagi er komin á lokastig verði sett á fót sérstakt samstarfsteymi sem hafi það hlutverk að halda utan um þjónustu og tryggja að þjónusta sé veitt. Slík teymi séu ýmist undir forystu þjónustumiðstöðva, Menntasviðs eða Barnaverndar eftir því um hvers konar vanda er að ræða. Meðfylgjandi er tillaga að verklagi og tillaga að skráningarblaði fyrir samstarfsteymi.

Rétt er benda á að í því verklagi sem hér er lagt til er upphafspunktur ákveðin birtingarmynd vanda, þ.e. skólasóknarvandi, hegðunarvandi, lögbrot eða trúnaðarbrestur foreldrar og skóla. Að baki þessum birtingarmyndum geta legið margvíslegar ástæður sem komið geta í ljós við vinnslu máls og er brugðist við þeim í ferlinu.

Lagt er til að verkefnið hefjist við upphaf skólaárs 2009 og að þá verði Menntasvið annars vegar og Velferðarsvið hins vegar búið að kynna nýtt verklag fyrir starfsmönnum. Í maí og júní 2010 verði svo árangur tilraunaverkefnisins metinn.

### **Önnur verkefni samhliða**

Tengt tilraunaverkefninu er yfirferð á verklagi í skólum nauðsynleg. Nýlokið er yfirferð verklags um samskipti þjónustumiðstöðva, Velferðarsviðs og Barnaverndar þar sem skert var á verkferlum og samskiptareglum.

Það er mat starfshópsins að mikilvægt sé að til staðar séu fleiri úrræði í skólaþjónustu en nú eru. Góð reynsla hefur t.a.m. verið af Skólaseli í Keilufelli.

Hópurinn leggur jafnframt eindregið til að þegar í haust skipi Menntasvið nýjan starfshópur sem hefur það verkefni að skýra og samræma viðbrögð og verklag þegar nemendur glíma við vímuefnavanda eða þegar grunur vaknar um slíkt.

### **5) Lokaorð**

Það er mat fulltrúa í starfshópnum að mikilvægt sé að gera tilraun með verklag á þeim nótum sem hér er lagt til. Ekki er viðunandi að langvarandi rof verði í menntun og þjónustu við börn líkt og gerst hefur á undanförunum árum. Mikilvægt er einnig að loknu næsta skólaári að meta reynsluna af verkefninu, hvort þjónusta við þau börn sem um ræðir hafi batnað, hvernig starfsfólki mismunandi kerfa gengur að vinna saman skv. nýju verklagi og hvort að tekist hafi að koma í veg fyrir langvarandi rof í menntun og þjónustu.

## Verklagsreglur

### Þjónusta við grunnskólanema með fjölþættan vanda

- Skýra ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.
- skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

#### A . Verklagsregla um viðbrögð við hegðunar- og samskiptavanda nemenda.

1. Kennari hvetur nemanda til að bæta sig.
2. Kennari hefur samskipti við foreldra og hvetur þá til að aðstoða nemandann.
3. Skólastjóri heldur fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og leitað orsaka vandans. Skólastjóri leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef málið er þess eðlis.
4. Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða foreldrar eftir ráðgjöf og þjónustu frá þjónustumiðstöð hverfisins.
5. Fulltrúi þjónustumiðstöðvar vinnur með skólastjóra og foreldrum að lausn málsins.
6. Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann þá er málið tilkynnt til Barnaverndar og Menntasviðs Reykjavíkur.
7. Teymi stofnað um málið. Þjónustumiðstöð hverfisins leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, tímabundinni brottvísun eða í öðru sérúrræði.

*Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust.*

#### B. Verklagsregla um viðbrögð við skólasóknar- og ástundunarvanda nemenda.

1. Kennari hvetur nemanda til að bæta sig.
2. Kennari hefur samskipti við foreldra og hvetur þá til að aðstoða nemandann.
3. Skólastjóri heldur fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og leitað orsaka vandans. Skólastjóri leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef ástæða er til.
4. Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða foreldrar eftir ráðgjöf og þjónustu frá þjónustumiðstöð hverfisins.
5. Fulltrúi þjónustumiðstöðvar vinnur með skólastjóra og foreldrum að lausn málsins.
6. Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann þá er málið tilkynnt til Barnaverndar og Menntasviðs Reykjavíkur.
7. Teymi stofnað um málið. Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess .

*Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust*

## C. Verklagsregla um viðbrögð við lögbrotum og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum.

*Með alvarlegum brotum á skólareglum er m.a. átt við: Alvarlegt ofbeldi, þjófnað, innbrot í skóla (þar með talið í tölvukerfi), skemmdarverk, veggjakrot, áfengis- og fíkniefnaneyslu, sölu og dreifingu fíkniefna.*

Þegar ofangreind mál koma upp metur skólastjóri hverja af neðangreindum leiðum hann velur að fara:

### Leið 1 Lausnarleið skóla

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Nemandi sendur heim í samráði við foreldra á meðan málið er til frekari skoðunar. Ef samvinna næst ekki við foreldra getur komið til tímabundinnar brottvikningar nemanda á meðan ákvörðun er tekin um framhald málsins.
3. Ef um ofbeldi er að ræða hefur skólastjóri samband við foreldra þolanda. Ef ekki er um kæru að ræða leitar skólastjóri heimildar foreldra til lausnar málsins innan skólans.
4. Skólastjóri hefur samband við þjónustumiðstöð hverfisins og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.
5. Fundað með geranda og foreldrum hans um framhald málsins. Ráðgjöf og þjónusta boðin frá þjónustumiðstöð hverfisins. Tilkynning send til Barnaverndar Reykjavíkur ef talin er þörf á.
6. Lausnarleið ákveðin í samráði við aðila.
7. Finnist ekki viðunandi lausn er málinu vísað til Barnaverndar Reykjavíkur sem heldur utan um málið á meðan leitað er frekari lausnar.

### Leið 2 Lögregla

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Skólastjóri tilkynnir lögreglu um málið og fer fram á rannsókn málsins.
3. Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda.
4. Lögregla rannsakar málið.
5. Um framhald máls fer samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar.

Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um minniháttar mál er að ræða fer framhald málsins samkvæmt leið 1. Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um alvarlegt lögbrot hefur verið að ræða fer um framhald málsins samkvæmt eftirfarandi ferli:

6. Lögregla tilkynnir Barnavernd Reykjavíkur um málið, sem vinnur í málinu.
7. Fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur kallar til fundar fulltrúa þjónustumiðstöðvar hverfisins, Menntasviðs Reykjavíkur, skóla og foreldra viðkomandi nemanda. Aðilar vinna að lausn málsins.
8. Teymi stofnað um málið þar sem Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, tímabundinni brottvísun eða í öðru sérúrræði.
9. Finnist ekki viðunandi lausn innan heimaskóla sér Menntasvið Reykjavíkur um að útvega nýtt skólaúrræði.

### **Leið 3 Vímuefnavandi**

#### **Ef grunur leikur á því að nemandi sé undir áhrifum vímuefna í skólanum/á skólalóð.**

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Skólastjóri tilkynnir málið til Barnaverndar Reykjavíkur og kallar fulltrúa Barnaverndar Reykjavíkur á staðinn ef ástæða er til.
3. Skólastjóri ákveður hvort vísa eigi nemanda úr skóla tímabundið meðan málið er óútkljáð í samráði við foreldra og Barnavernd Reykjavíkur.
4. Barnavernd Reykjavíkur vinnur með áhættuhegðun barnsins.
5. Skólastjóri hefur samband við þjónustumiðstöð hverfisins og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.
6. Þjónustumiðstöð, skólastjóri, foreldrar og fulltrúi Barnaverndar vinna að viðeigandi úrræði fyrir nemandann.
7. Ef ágreiningur kemur upp milli foreldra og skóla skal leita til Menntasviðs Reykjavíkur.

#### **Ef grunur er um að nemandi hafi vímuefni undir höndum, dreifir eða selur í skólanum/á skólalóð.**

1. Skólastjóri tilkynnir málið til lögreglu.
2. Skólastjóri tilkynnir foreldrum málið.
3. Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda.
4. Lögregla rannsakar málið.
5. Um framhald máls fer samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar.

Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um minniháttar mál er að ræða fer framhald málsins samkvæmt leið 1. Ef lögreglurannsókn leiðir í ljós að um alvarlegt lögbrot hefur verið að ræða fer um framhald málsins samkvæmt eftirfarandi ferli:

6. Lögregla tilkynnir Barnavernd Reykjavíkur um málið, sem vinnur í málinu.
7. Fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur kallar til fundar fulltrúa þjónustumiðstöðvar hverfisins, Menntasviðs Reykjavíkur, skóla og foreldra viðkomandi nemanda. Aðilar vinna að lausn málsins.
8. Teymi stofnað um málið þar sem Barnavernd Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, tímabundinni brottvísun eða í öðru sérúrræði.
9. Finnist ekki viðunandi lausn innan heimaskóla sér Menntasvið Reykjavíkur um að útvega nýtt skólaúrræði.

*Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust.*

#### **D. Verklagsregla vegna trúnaðarbrests milli foreldra og skóla.**


1. Skólastjóri leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans vegna málsins.
2. Skólastjóri og foreldrar leita lausna í málinu.
3. Menntasvið Reykjavíkur kemur að málinu eftir beiðni frá skóla og/eða frá foreldrum.
4. Þjónustumiðstöð hverfisins vinnur með Menntasviði Reykjavíkur að málinu.
5. Málinu vísað til Barnaverndar Reykjavíkur ef ástæða er til.
6. Teymi stofnað um málið. Menntasvið Reykjavíkur leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess.

*Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust.*

**Verklagsreglur 2007 endurskoðaðar og bættar, verkefnið verður endurskoðað í maí og júní 2010.**

**Mennta- og Velferðarsvið Reykjavíkur, ágúst 2009**

Yfirlitsmynd sem sýnir mismunandi verklag í grunnskólum Reykjavíkur eftir eðli viðkomandi máls.





Reykjavíkurborg

## Samstarfsteymi vegna nemenda með fjölþættan vanda

### A. SKRÁNINGARBLAÐ

Hlutverk samstarfsteymisins er að gæta þess að ekki verði hlé á lögboðinni grunnþjónustu við einstök börn með fjölþættan vanda varðandi menntun þeirra, barnavernd og félagslega þjónustu. Í teyminu sitja eftir atvikum fulltrúar frá skóla barnsins, þjónustumiðstöð, Menntasviði og Barnavernd Reykjavíkur.

Nafn barns	Kennitala	Skóli og bekkur
------------	-----------	-----------------

Forráðamenn barns
-------------------

Stofndagur teymisins
----------------------

Teymið (nöfn, vinnustaðir og netföng)
---------------------------------------

Á fyrsta fundi er útnefndur teymisstjóri sem leiðir teymisstarfið og ber ábyrgð á framvindu máls til lausnar. Hann boðar fundi, stýrir þeim, sér um fundargerðir og hefur aðra nauðsynlega umsjón og frumkvæði við vinnslu málsins. Aðrir aðilar í teyminu koma að lausn samkvæmt ákvörðun teymisstjóra í samræmi við skyldur þeirra og hlutverk.

Teymistjóri
-------------

Í baklandi teymisins geta verið ýmsir sem tengjast þjónustu við barnið en taka ekki þátt í reglulegum fundum teymisins. Þá má hins vegar kalla til þegar þurfa þykir.

Bakland teymis (nöfn, stofnanir og netföng)
---

Áætlun um teymisstarfið (tíðni funda, tími, staður, helstu markmið, verkaskipting o.fl.)
--

## **B. FUNDARGERÐIR**

Eftir hvern teymisfund skal liggja fyrir fundargerð sem send er teymismeðlimum rafrænt. Þar skal skrá dagsetningu fundarins, nöfn fundarmanna, stöðu málsins, viðfangsefni fundarins og þær niðurstöður, ákvarðanir og áætlanir sem fyrir liggja eftir fundinn. Þá skal skrá verkaskiptingu sérstaklega. Teymistjóri varðveitir fundargerðirnar.

### **1. fundur**